

Nd.

537. Frumvarp til laga

[138. mál]

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til virkjunar neðri Sogsfossanna, allt að kr. 158 000 000.00 — eitt hundrað fimmtíu og átta milljónir króna —, eða tilsvarendi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til.

Ef hentara þykir, getur ríkisstjórnin fyrir hönd ríkissjóðs tekið lán þau, er um ræðir í 1. mgr., og endurlánað þau Sogsvirkjuninni gegn gildum tryggingum.

Sogsvirkjunin er sameign ríkissjóðs og bæjarsjóðs Reykjavíkur, og þera báðir aðilar sameiginlega, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, ábyrgð gagnvart þriðja aðila á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar, en sín á milli þera aðilar ábyrgð á lánum og öðrum greiðsluskuldbindingum fyrirtækisins í réttu hlutfalli við eignarhlut þeirra á hverjum tíma samkvæmt sameignarsamningi, dags. 30. júlí 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi 1. og 5. gr. laga nr. 28 23. apríl 1946 og önnur ákvæði, er fara í bága við efni þessara laga.